

Verkefni: Stjórnarfundur Gígunnar
Dagsetning fundar: 3. nóvember 2006
Tímasetning fundar: 17:00 – 19:00
Fundarstaður: Amokka Café, Borgartúni, Reykjavík

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Ásdís Helga Bjarnadóttir (ÁHB)	Formaður	Mætt
Erna Gísladóttir (EG)	Gjaldkeri	Fjarverandi
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
Sigrún Óskarsdóttir (SÓ)	Meðstjórnandi	Fjarverandi
Fríða Albertsdóttir (FA)	Meðstjórnandi	Fjarverandi
Margrét Bóasdóttir (MB)	Verndari	Mætt

Fundarefni og niðurstöður fundar:

1. Fjölís

Elín Helgadóttir, framkvæmdarstjóri Fjölís, hafði samband við Gígjuna og óskaði eftir því að hún myndi hvetja sína aðildarkóra til þess að ganga frá samningi við Fjölís sem fyrst. Ákveðið var að senda bréf á alla aðildarkórana með ýtarlegri kynningu á Fjölís og senda einnig samningsfyrirmyndina sem Fjölís setti upp í samvinnu við Gígjuna á landsfundinum 2005. Gígjan hefur ekki samningarétt fyrir hönd sinna aðildarkóra heldur þarf hver kór að semja fyrir sig. HG mun taka saman þessar upplýsingar og senda kórum bréf (tölvupóst) ásamt því að setja frétt um málið á vefsetrið. Ákveðið var að senda Elínu einnig afrit af bréfinu sem sent verður. Málið er í vinnslu.

2. Innheimta félagsgjalda

Ákveðið var að senda innheimtubréf á aðildarkóra fyrir áramótin. Félagsgjöld Gígunnar eru kr. 200 á hverja kórkonu eins og samþykkt var á síðasta aðalfundi, miðað er við fjölda kórfélaga í september 2006. Nokkrir kórar skulda ennþá félagsgjald fyrir síðasta starfsár og var umræða á fundinum um hvernig skuli bregðast við því. Ákveðið var gefa kórum frest þar til 1. janúar 2007 til þess að gera upp ógreidd félagsgjöld frá síðasta starfsári. Þeir kórar sem enn skulda félagsgjöld fyrir síðasta starfsár geta búist við því að fréttir frá þeim verði ekki birtar á vefsetrinu. EG var falið að fara yfir greiðslustöðu aðildarkóranna og senda þeim innheimtubréf í pósti sem fyrst. Því bréfi verður svo fylgt eftir með tölvupósti, HG mun sjá um það. Málið er í vinnslu.

3. SAMNAM ráðstefna

ÁHB fór yfir skýrslu stjórnar frá SAMNAM ráðstefnunni sem ÁHB og HG sóttu fyrir hönd Gígunnar til Kaupmannahafnar. Ákveðið var að setja skýrsluna og fundargerð inn á vefsetrið. HG mun koma skýrslunni og fundargerð inn á vefsetrið. Málið er í vinnslu. Nú þegar hefur verið sent þakkarbréf, ásamt skýrslu um ferðina til Menntamálaráðuneytisins sem fjármagnaði að hluta ferðina.

4. Vefsetur Gíjunnar

MB kom með þá hugmynd að hafa hluta af vefsetri Gíjunnar á ensku. Til að byrja með yrðu grunnupplýsingar þýddar. HG tók upp umræðuna um mikilvægi þess að tekið væri afrit af vefsetrinu, þau mál þarf að skoða betur. HG mun ganga í það mál. Vefsetrið og þýðingarmál rædd frekar en engar ákvarðanir teknar um það.

5. Nýjir kvennakórar á Íslandi

MB greindi frá því að Kvennakór Háskóla Íslands hafi formlega verið stofnaður. Lína Björg Tryggvadóttir sendi ÁHB bréf og sagði frá nýstofnuðum kvennakóra á Ísafirði. Markmið Gíjunnar til framtíðar er að allir íslenskir kvennakórar landsins séu með aðild að sambandinu.

6. Kvennakórastefna við Mývatn í sumar

MB greindi frá því að haldin yrði kvennakórastefna við Mývatn í sumar. Lynnel Joy Jenkins mun koma frá USA og aðaláherslan verður á WorldMusic. MB mun senda Gígjunni nánari upplýsingar um þetta mál síðar.

7. Umsókn Gíjunnar til SFH

Gígjan hefur ekki ennþá fengið nein svör frá SFH. Ákveðið var að fylgja eftir umsókninni og óska eftir því við framkvæmdarstjórnann að Gígjan fái úthlutun þó svo að ákvörðun um ákveðið hlutfall liggi ekki enn fyrir. ÁHB mun senda Gunnari Guðmundssyni bréf þess efnis. Málið er í vinnslu.

8. Tónlistarbrunnurinn á vefsetrinu

Á vefsetrinu er að finna tengil á Tónlistarbrunninn hjá Íslensku tónverkamiðstöðinni. Ákveðið var að gera leiðbeiningar um notkun hans og senda öllum aðildarkórum. HG mun taka að sér að skrifa leiðbeiningar og senda þær á alla aðildarkóra í tölvupósti. Málið er í vinnslu.

9. Tónlistarbrunnur með nótum aðildarkóra Gíjunnar

Nótunefnd Gíjunnar með SÓ í forsvari vinnur að því að safna nótum frá aðildarkórunum. Hraða þarf þessari vinnu og stefna að því að hafa nótur af sem flestum lögum (sem sérstaklega hafa verið skrifuð eða útsett fyrir aðildarkóra Gíjunnar) komnar inn á læst svæði hjá Íslensku tónverkastöðinni fyrir páska. Málið er í vinnslu.

10. Námskeið (eða fræðslufundur) fyrir stjórnendur og stjórnir

Hugmyndir að námskeiði (eða fræðslufundi) voru ræddar. Ákveðið var að stefna að því að hafa næsta fræðslufund í byrjun árs 2007 sérstaklega fyrir stjórnendur kóranna. MB kom með þá hugmynd að hafa fund um *undirbúning fyrir upptökur á geisladiski* og fá þá e.t.v. sérfræðing á því sviði til þess að koma og flytja erindi. Málin rædd og ýmsar hugmyndir skoðaðar. Málið er í vinnslu.

11. Nordklang 2007

Gíggjunn hafa borist upplýsingar og boð um að taka þátt í kórahátíðinni Nordklang sem haldin verður í Uppsölum 31. júlí - 5. ágúst 2007. HG mun sjá um að senda aðildarkórum upplýsingar um hátíðina og setja frétt um málið á vefsetrið. Málið er í vinnslu.

12. Voices Unlimited 2007

Gíggjunn hafa borist upplýsingar og boð um að taka þátt alþjóðlegri kórahelgi VOICES UNLIMITED í Hollandi í október 2007. HG mun sjá um að senda aðildarkórum upplýsingar um hátíðina og setja frétt um málið á vefsetrið. Málið er í vinnslu.

13. SAMNAM óskar eftir upplýsingum frá Gíggjunn

Í framhaldi af ráðstefnunni í Kaupmannahöfn barst Gíggjunn bréf þar sem þess var óskað að hún safnaði saman upplýsingum um fjölda aðildarkóra og fjölda meðlima í hverjum kór. Eins var Gígjan beðin um að afla upplýsinga um önnur íslensk aðildarfélög innan SAMNAM. HG og ÁHB hafa tekið þessar upplýsingar saman og sent til SAMNAM.

14. Tengiliðir hafa samband við sína kóra

Ákveðið var að hver stjórnarmeðlimur Gíggjunnar hefði samband við sína kóra a.m.k. einu sinni fyrir júl til þess að leita fréttu af starfinu. Í samtalinu þarf að fara yfir þær upplýsingar sem er að finna á vefsetrinu undir "Aðildarkórar" og ganga úr skugga um að allt sé þar rétt skráð. Ef kórar hafa ekki sent inn mynd þá eru þeir beðnir um að senda mynd á netfangið heida68(hjá)simnet.is. Sérstaklega eru kórar hvattir til þess að vera duglegir að senda inn fréttatilkynningar af starfinu sem hægt er að koma fyrir á vefsetri Gíggjunnar. Aðildarkórar Gíggjunnar skiptast svona niður á stjórnina:

Fríða Albertsdóttir (Kvennakór Reykjavíkur):

- Kyrjurnar
- Sandlóurnar
- Vox feminae
- Kvennakórinn Norðurljós

Sigrún Óskarsdóttir (Kvennakór Hafnafjarðar):

- Kvennakór Reykjavíkur
- Kvennakórinn Seljurnar
- Kyrjukórinn Þorlákshöfn
- Kvennakór Bolungarvíkur

Ásdís Helga Bjarnadóttir (Freyjukórinn Borgarfirði):

- Kvennakórinn Ymur
- Kvennakór Suðurnesja
- Gospelsystur Reykjavíkur
- Jórukórinn

Erna Gísladóttir (Kvennakór Hornafjarðar):

- Freyjukórinn í Borgarfirði
- Kvennakór Garðabæjar
- Kvennakór Hafnafjarðar
- Kvennakórinn Ljósbrá

Heiða Gunnarsdóttir (Vox feminae):

- Kvennakór Akureyrar
- Kvennakór Hornafjarðar
- Kvennakór Kópavogs

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:00.

Ritari fundargerðar: Heiða Gunnarsdóttir.